

## LISTIR

# Á óhefð- bundinni ferð og flugi

Hækjur á hjólum og hjólastólar – Ilmur Stefánsdóttir opnar sýninguna *Mobiler á Kjarvalsstöðum* í dag. **Inga María Leifsdóttir** sá Ilmi bregða sér á bak nokkrum óvenjulegum farartækjum og spjallaði um þau við hana.

**G**ÖNGUGRIND fyrir full-orða er meðal þeirra farartækja sem Ilmur Stefánsdóttir hefur skapað fyrir sýninguna *Mobiler* sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, og hún rennir sér fram og aftur í henni um ganginn eða miðrymið í safninu þegar ljósmyndarinn dregur upp myndavélina. Á sýningunni má sjá nokkur umbreytt farartæki sem Ilmur hefur smíðað af mikilli útsjónarsemi og hugmyndaauðgi, eins og hennar er von.

„Sýningin er búin að þróast lengi í hausnum á mér – og í mörg ár er ég búin að veita farartækjum athygli sem eru ekki alveg hefðbundin. Mig langaði til að búa til eins konar jaðrarfarartæki, sem sum hver eru næstum því ekki nothæf,“ segir Ilmur og tekur sem dæmi þrekhlól á hjólum. „Í því felst auðvitað ádeila á af hverju maður fer ekki bara út að hjóla, í stað þess að sitja inni og svitna á þrekhlólinu. Ég er líka með hækjur á hjólum, sem er dálítið kaldhæðnislegt, vegna þess að þeir sem eru fótbrotnir eða þurfa á hækj-

um að halda af ýmsum ástæðum, og komast þess vegna hægt áfram, ættu að komast aðeins hraðar yfir með hækjur á hjólum. En á sama tíma er ekki mikið öryggi í slíkum hækjum.“

## Má prófa farartækin

Á sýningunni má líka kynna sér margvíslegar sögur tengdar farartækjum, sem Ilmur hefur rekið á gegnum tíðina í fjölmiðlum og víðar. Dæmi er saga af manni sem fór úr hjólastól á hjólaskauta fyrir tilstilli kraftaverkamanns, af manni sem stelar jeppakerrum af áráttu og af manni sem keypti strætó með það að markmiði að borða hann á tveimur árum. Þriðji þáttur sýningarinnar er myndbandsverk, þar sem Ilmur sést ferðast á farartækjunum sem nú eru á Kjarvalsstöðum, einu af öðru, um óbyggðir. „Ég sá einu sinni Buster Keaton-mynd, sem fjallaði um mann sem datt úr lest og fann á járnbrautarteinunum handknúð farartæki á hjólum, sem hann komst áfram á. Mig langaði að vinna með þessa hugmynd. Ég ímynda mér til dæmis að-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ilmur Stefánsdóttir innan um farartækin sín á sýningunni *Mobiler* sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

stæður þar sem bíllinn bilar uppi á hálendinu og maður er ekki með síma – þá væri nú gott að vera með hjól í brjóstvasanum sem hægt væri að skella undir skóna! Farartækin geta þannig komið manni til bjargar, en það er um leið mótsagnakennt, því farartækin hjálpa manni misvel áfram.“ Gestum sýningarinnar er frjálst að reyna farartækin sér til gamans. „Ég verð samt ekkert vonsvikin ef fólk prófar ekki, ég skil það alveg,“ segir Ilmur. „Fyrir mig er alveg nóg að fólk hugsi um hvernig það er að ferðast með svona farartæki.“

## Heimur hversdagslegra hluta

Mörgum er minnisstæð fyrri sýningar Ilmar, þar sem hún sást fara í

sturtu undir vatnsflösku, skera ostinn með rakvél og raka sig undir höndunum með ostskera. En hvernig finnst henni *Mobiler* tengjast fyrri sýningum sínum? „Ég er alltaf að vinna með hluti úr daglegu lífi og skoða þá í öðru samhengi, og þessar sýningar koma auðvitað í framhaldi hver af annarri. Ég hef alltaf haft áhuga á hegðun fólks, sérstaklega ef það hegðar sér eitthvað óvenjulega og sérstakar ástæður eru fyrir því. Það getur ruglað saman hlutum eins og ostskera og rakvél, enda er í báðum tilfellum um einhvers konar hnif að ræða og hreyfingin er svipuð. Þælingin snýst um að ef ein stöð í heilanum virkar ekki en hinar gera það, er hægt að gera lítil mistök á borð við þessi sem verða samt mjög

stór – það er ekki hægt að raka sig undir höndunum með ostskera. Sýningin núna er í beinu framhaldi af þessu, en hér einskorða ég mig við eina tegund af tækjum. Núna vildi ég bara gera hluti sem tilheyrðu einum flokki – farartækjaflokknum,“ segir Ilmur. „Mér finnst það sérstaklega skemmtilegt, af því að þau eru hreyfanleg. Það er einhver aksjón í gangi og skemmtileg tilhugsun að fólk fari á hreyfingu, komist aðeins á flug.“

Ilmur Stefánsdóttir verður með listamannsspjall í tengslum við sýningu sína á sunnudag kl. 15. Sýningin verður opin til 11. maí.

ingamaria@mbl.is

# Af eldmóði og ástúð

## TÓNLIST

Háskólabíó

SINFÓNÍUTÓNLEIKAR

**R. Strauss: Makbeð. Brahms: Fíðlukonsert. Beethoven: Sinfónía nr. 5 í c-moll. Joshua Bell, fíðla; Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi: Petri Sakari. Fimmtudaginn 3. apríl kl. 19:30.**

TVEIR hátindar úr klassíkinni, kraftmikill æsku-Strauss, ungur heimspilari og ástsæll stjórnandi – allt sameinaðist um að „trekkja“ á tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar í gær, enda kom fullhýsi Háskólabíós víst engum á óvart. Miðað við alkunnu stríðsfákana tvo sem á eftir fóru var óneitanlega nýjabrum að Makbeði Richards Strauss frá 1888, en e.t.v. helgaðist valið að hluta af rómaðri nýliðinni uppsetningu Íslenzku óperunnar á samnefndu verki Verdis.

Tónaljóð Strauss Op. 23 var frumraun hans í þeirri grein sem Liszt ruddi fyrst braut; 20 mínútur sneisafullar af safaríkri músík með „flestallt úti“ eins og organistar myndu segja. Það sem kynni að vanta upp á klassískt jafnvægi bættist yfir upp með fersku hugviti og ómældum krafti, og ekki að tilefnislausu ef horft er til hins skamma en blóði drifna ferils Makbeðhóna, upptendraðs af „hvefandi metnaði“ er lauk með bitrum enda, eins og glögg málmi heyrja á tónlistinni. Hvort Strauss hafi þekkt óperu Verdis frá 1847 skal ósagt. Aftur á móti minnti einn staður anzi sláandi á „kórðalögin“ í Rómeó & Júlíu-forleik Tsjaekovskíjs frá 1869, þótt sjálfsgagt sé það tilviljun. Allt um það var hressilega leikið og slagverkið ekki sparað undir lokin.



Joshua Bell



Petri Sakari

Fíðlukonsert Brahms er jafnaldri fíðlukonserts Tsjaekovskíjs (1878) og myndar ásamt Beethovenkonsertinum óskoraðan hæstan þriðrang rómantískra verka fyrir einleiksfiðlu og hljómsveit. Í hlutfalli við djarft hraðaval Petris Sakaris í 5. Beethoven eftir hlé var tempóið furðusettlegt, einkum í I. þætti, en ekki til vanza. Það fór verkinu vel að leyfa hendingum að „anda“, og finleg mótun Joshuas Bells gat hljómað eins og strokið kínverskt postulín, þótt ekki skorti heldur firugan eldmód á forte-köflum. Hápunktur einleiksins var tvímælaust kadenzan í síðasta hluta, samin af Bell sjálfum eins og sjálfsgagt þótti forðum tíð en heyrir nú til undantekninga. Hún var ekki aðeins undralipur leikin heldur einnig merkilega vel samin og myndaði harmóníska, tiktúrlausa en samt persónulega heild – án óviðeigandi útúrdúra frá efniviði þáttarins.

Hunangsangandi óbó-kavatína Daða Kolbeinssonar leiddi dáfagraan kórsöng tréblásara í upphafi II. þáttar, sem einleiksfiðlan lagði svo

nánar út af. Eðalborinn leiðslutónn Bells gældi við hlustendur og tældi, líkt og dúnhúðaðir gullhamrar innblásins elskhuga við spegilslétt Alpa vatn um sólarlag. Sígaunadeild Brahms tók svo við í lokabættinum með því sem kallað hefur verið djass rómantíska skeiðsins, og náðu þar einleikari og hljómsveit svo vel saman í eggjandi samleik að

stappaði nærri ástum samlyndra hjóna, jafnvel þótt sólistinn hefði stundum mátt móta hrynhliðina aðeins ákveðnar – og kannski með ögn hreinni inntónun á stöku stað. En þvílíkt heifetzkt lýtaleyfi hefði sjálfsgagt aftur dregið úr háskanum.

Órlogasinfónía Beethovens fór að mínu viti ekki alveg nógu vel út úr tempóvali stjórnandans, sem út í gegn var í hressilegasta lagi, sérstaklega í jaðarþáttum. Þótt merkilegt mætti heita hvað hljómsveitin hélt vel saman á hálfgerðum uppmælingahraða stjórnandans – að ekki sé talað um furðudjúpa dýnamíska mótun miðað við aðstæður – var útkoman ekki með öllu laus við streitu er gat jafnvel jaðrað við felmtur.

Ekki ber í sjálfu sér að lasta fjór og lífsþrótt, en frekar hefði undirritaður kosið meiri yfirvegna, meitlaðri rytma, tærari kontrarpunkt og magnaðri mystík, sem átti stundum til að skolast út með baðvatninu í öllum hamaganginum.

Ríkarður Ó. Pálsson



Morgunblaðið/Jim Smart

# Dansað við Þvottahússögur

KLASSÍSKI Listdanskólinn sýnir afrakstur vetrarins í Íslensku óperunni á morgun, laugardag, kl. 14. Þema sýningarinnar er Þvottahúss-

ögur. Jákvæð hvatning og uppbygging nemenda í minni námsþópum er stór þáttur í starfi skólans.

# Dansnemar í Borgarleikhúsinu

NEMENDASÝNINGAR Jassballettskóla Báru verða fimm að þessu sinni, kl. 13 og 15, næstu tvo laugarðaga og 14. apríl kl. 20. Sýningararnar verða á Stóra sviði Borgarleikhússins og taka um 700 nemendur þátt. Þemað er að þessu sinni ferðalag en yfirskrift dagskrárinnar er Heimsreisa. Ferðast verður um heiminn í dansi og tónlist

og hefur hver hópur í skólanum fengið ákveðið land til að vinna með. Sýningin er sett upp sem „pakkaferðir“ þ.e Heimsreisa 1, Heimsreisa 2 og Heimsreisa 3 og er nemendafjöldanum deilt niður á sýningar. Þess má geta að innritun í Jassballettskóla Báru fyrir næsta skólaár stendur yfir til 15. maí.